

Alþingi
Erindi nr. P 1131878
komudagur 12/3 1991

**ATHUGASEMDIR VIÐ FRV. TIL LAGA
UM SKIPTI Á DÁNARBÚUM O.FL. 104. MÁL.**

Almennar athugasemdir við frumvarpið.

1. ASÍ.

Alþýðusambandið gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um skipti á dánarbúum o.fl., og mælir með samþykkt þess.

2. Sýslumannafélag Íslands.

Stjórnin er sammála um að ærin ástæða var til endurskoðunar á hinum síðastnefndu gömlu lögum. Stjórnin er einnig sammála um að frumvarpið er ítarlegt og skipulegt og mörg ákvæði þess til mikilla bóta frá núgildandi lögum. Ljóst er að lögfesting frumvarpsins mun stuðla að því að einkaskipti geti enn frekar en nú orðið aðalreglan við skipti dánarbúa.

Rétt þykir þó að benda á að mjög mikill kostnaðarauki verður fyrir þau bú sem vegna ósamkomulags erfingja eða af öðrum ástæðum þarf að taka til opinberra skipta, ef frumvarpið verður að lögum. Einkum gæti þetta orðið tilfinnanlegt með smærri bú á stöðum þar sem ekki er völ lögmanna, þar sem auk skiptakostnaðar til þeirra þyrfti að greiða ferðakostnað, uppihald og dagpeninga. Á þetta bæði við um skipti dánarbúa og opinber skipti til fjárlita milli hjóna. Í frumvarpinu virðist ekki gert ráð fyrir neinu eftirliti eða aðhaldi varðandi þennan kostnað og myndi hann því væntanlega verða reiknaður á grundvelli gjaldskrár Lögmannafélags Íslands.

3. Dómarafélag Íslands.

Í heild má segja að samkvæmt frumvarpinu sé öll skiptameðferð gerð einfaldari og greiðari og skriffinnska minnkuð til muna. Frumvarp þetta er vönduð lagasmíð að mati stjórnar Dómarafélags Íslands og mælir hún með að það verði samþykkt.

4. Gjaldheimtustjórnin í Reykjavík.

Ég sé ekki ástæðu til að gefa sérstaka umsögn um þetta frumvarp, þar sem efni þess snertir aðeins að takmörkuðu leyti Gjaldheimtuna í Reykjavík, en leyfi mér þó að vísa til álitsgerðar minnar frá 27.11.1990 um frumvarp til laga um gjaldþrotaskipti o.fl., að því leyti sem við á.

5. LMFÍ, laganefnd.

Laganefnd lýsir sig efnislega samþykka frumvarpi þessu. Frumvarp þetta er mjög viðamikilið og ýmsar veigamiklar breytingar eru frá gildandi lögum sem horfa til framfara. Jafnframt þessu er frumvarp þetta mun ítarlegra en gildandi lög og nefndin fær ekki betur séð en að frumvarpið sníði ýmsa vankanta af núgildandi lögum sem vafist hafa fyrir mönnum. Nefndin telur því frumvarp þetta réttarbót og leggur til að það verði lagt fram og samþykkt.

6. Verzlunarráð Íslands.

Mörg einstök atriði frumvarpsins eru til bóta. Með þeim er tekið tillit til þess hvernig núgildandi lög hafa verið túlkuð í framkvæmd.

Frumvarpið hefur í heild tvo veigamikla annmarka.

- Mörg ákvæði þess virðast vera óþörf í þeim skilningi að þau fjalla um augljósa hluti. Það er ekki aðeins hvítleitt heldur hefur í för með sér að aðalatriði frumvarpsins verða mjög óaðgengileg. (Sjá til dæmis 1. mgr. 8. gr.)

[8. gr. frv. hljóðar svo:

Hafi umboðsmaður sýslumanns tekið við andlátstilkynningu skal hún send sýslumanni svo fljótt sem verða má.

Telji sýslumaður sem hefur tekið við andlátstilkynningu að skipti eigi að fara fram í öðru umdæmi skal hann án ástæðulauss dráttar senda hana sýslumanni þar. Sýslumanni er þó rétt að leita áður ákvörðunar dómsmálaráðherra skv. 2. mgr. 3. gr. ef honum þykir ástæða til.]

- Í mörgum tilvikum virðist mega ná markmiðum einstakra framkvæmdaratriða varðandi skipti á dánarbúum á mun skilvirkari hátt en ákvæði frumvarpsins gera ráð fyrir. Með öðrum orðum nauðsynlega viðleitni til að einfalda og auðvelda skipti dánarbúa virðist hafa skort við endurskoðunina. Þess er saknað að við endurskoðunina skuli ekki hafa verið leitast við að takmarka þátt hins opinbera við skipti dánarbúa.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að núgildandi lög nr. 3(1878 hafi að mestu verið þýðing á dönskum lögum frá árinu 1874 um sama efni. Janfframt kemur fram að þau lög séu enn í gildi lítið breytt í Danmörku og að heildarendurskoðun þeirra standi yfir.

Í framhaldi af framansögðu verður að teljast eðlilegt að íslensku lögín frá 1878 verði ekki afnumin fyrr en heildarendurskoðun Dana er lokið. Þangað til veðri ný heildarlög ekki samþykkt, heldur látið nægja að gera nauðsynlegar breytingar á núgildandi lögum vegna aðskilnaðar dóms- og umboðsvalds.